



Alþingi
Erindi nr. P 140/187
komudagur 15.11.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFNA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2011.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 135. mál, (biðtími vegna refsinga):

Með framangreindu frumvarpi eru m.a. lagðar til breytingar á 6. tl. 9. gr. laganna hvað varðar varða fjárhæð sekta. Er ástæðan ekki síst sögð sú hækkun sem orðið hefur á sektarrefsingum frá því að ákvæðið var upphaflega sett í lög.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta að öðru leyti en því að enn er gert ráð fyrir því að ef um endurtekið brot er að ræða, hvort sem er sömu tegundar eða ekki, þá muni einstaklingur aldrei uppfylla skilyrði laganna fyrir veitingu ríkisborgararéttar. MRSÍ er kunnugt um nokkuð mörg tilvik þar sem umsækjendur hafa oftast einu sinni brotið gegn umferðarlögum og er þar með girt fyrir möguleika þeirra á að öðlast íslenskan ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun, þar sem um endurtekin brot er að ræða. Í þeim tilvikum þurfa því einstaklingarnir að vísa umsóknum sínum til umfjöllunar Alþingis. Telur MRSÍ að betur færi á því að undanskilja smávægilegri brot skilyrði um endurtekningu þó öðru máli megi gegna um alvarlegri tegund brota, s.s. ofbeldisbrot, fíkniefnabrot, rán og því um líkt.

Mannréttindaskrifstofan heitir á stjórnvöld að gerast aðilar að samningum Sameinuðu þjóðanna um ríkisfangslausa; samningi um að draga úr ríkisfangsleysi [Convention on the Reduction of Statelessness] sem samþykktur var 30. ágúst 1961 og samningi um réttarstöðu fólks án ríkisfangs [Convention on the Status of Stateless Persons], sem samþykktur var 28. september 1954.

Virðingarfyllst,

f. h. MRSÍ

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri